

Íslenskan á ekki skilið að vera notuð til að meiða fólk

Eiríkur Rögnvaldsson

uppgjafaprófessor og málfarslegur aðgerðasinni

MANNRÉTTINDI OG ORÐRÆÐAN – HVERNIG SAMFÉLAG VILJUM VIÐ?

OPINN FUNDUR MANNRÉTTINDARÁÐS REYKJAVÍKUR 10. DESEMBER 2025

Mannréttindi í stjórnarskrá



- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 65. grein:
 - „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“
- Frumvarp Stjórnlagaráðs til stjórnskipunarlaga, 6. grein:
 - „Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnáttatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Mál og mannréttindi



- Skýring Stjórnlagaráðs við ákvæði um tungumál:
 - „Þessu ákvæði er ætlað að útiloka mismunun gagnvart fólki sem talar annað mál en íslensku eða aðra mállýsku en þá sem ráðandi er í samfélaginu hverju sinni.“
- Heppilegra væri að nota *málnotkun* en *tungumál*
 - víðara ákvæði og tekur til hvers kyns málbeitingar
- Mál og mannréttindi: Tvær birtingarmyndir
 - neikvæð orðræða um mál og sjúkdómsvæðing málfars
 - málnotkun og orðafar um það arsett fólk og viðkvæma hópa
- Meginþema erindisins: Samspil tungumáls og valds
 - notkun íslenskunnar sem valdataekis og valdeflandi tekis

(Hatars)orðræða um málfar fólks



- Gildishlaðin orð hafa lengi verið notuð um málfar fólks:
 - *málvilla, mállýti, málskemmd, málsþjöll, málsþilling, málfirra*
- Fólk hefur verið kallað *málsóðar* og sagt vera
 - *málhalt, bögumælt, hljóðvillt, flámælt, gormælt, latmælt*
- Fólk hefur verið sagt tala
 - *almúgamál, götumál, skrílmál, kjánamál, soramál, barnamál*
- Meintum hnökrum á málfari fólks hefur verið líkt við
 - *lús í höfði, falskan söng, illgresi*
- Ýmislegt var talið skýra hin fordæmdu tilbrigði í máli:
 - leti, greindarskortur, uppruni, félagsleg staða, búseta

Tengsl við stéttarstöðu og greind



- Halldór Halldórsson (*Þættir um íslenzktmál* 1964)
 - „[...] hér í Reykjavík er í uppsiglingu skrílmál, en það nær til lægstu laga þjóðfélagsins í menningarlegum efnum.“
- Halldór Halldórsson (*Morgunblaðið* 1971):
 - „En hjá því verður ekki komið að gera sér grein fyrir, að greindarstig manna er misjafnt og íslenzkt málkerfi er flókið. Mér er til efs, að allir Íslendingar geti eða hafi nokkru sinni getað náð fullkomnu valdi á íslenzku málkerfi.“
 - „Hlutverk málvöndunar er að **lyfta** þeim, sem ekki hafa átt nógu góðan „pabba og mömmu“ yfir málstig foreldranna.“
- Málfar stjórnmalafólks látið vitna um að það sé ómarktækt
 - fyrirsögn: „Menntamálaráðherra greindur með þágufallssýki“

Sjúkdómsvæðing tilbrigða í máli



- Björn Sigfússon (*Austurland* 1952 / *Samtíðin* 1943):
 - „Þágufallssýki er alvarlegur kvilli og smitar ört.“
 - „En landfarsótt hefir hún aldrei verið nema á okkar dögum.“
- Gísli Jónsson (*Morgunblaðið* 1989):
 - „Þágufallsýki“ [...] minnir reyndar leiðinlega á limafallssýki og niðurfallssýki.“
- Bubbi Morthens (*Fréttablaðið* 2019):
 - „Orðið þágufallssýki er þrútið af hroka enda hafa menn gegnum tíðina notað tungumálið nánast sem valdataeki þeirra sem töluðu rétt mál og skrifuðu rétt og beitt því gegn þeim sem notuðu það ekki rétt eða gátu ekki skrifað rétt. Þeir voru settir á lúserabásinn og urðu niðursetningar íslenskrar tungu.“

Málvöndun í popúlískum tilgangi



- Gamaldags fordómafull málvöndunarstefna lifir góðu lífi
 - virðist vera eitt af áherslumálum heils stjórnmalaflokks
- Nýlega skrifaði ungur áhrifamaður í flokknum:
 - „[...] þegar þágufallssýki fór að ríða húsum“ og bætti við:
 - „Sama heilkenni er að vísu kallað þágufallshneigð uppi í háskóla í dag.“
- Skilgreining á *heilkenni* (úr *Íðorðasafni í læknisfræði*):
 - ‘Heild einkenna og teikna sem vitað er eða álitð er að auðkenni kvilla, sjúkleika eða meinsemd’
- Hefðbundin „málvöndun“ er í raun mannfjandsamleg
 - afstaða og orðfæri af þessu tagi vinnur gegn mannréttindum

Skilgreiningarvaldið



- Orðin *alþingiskona* og *alþingismaður*
 - voru notuð jöfnum höndum um fyrstu konu á Alþingi 1923
 - sama gildi um þær örfáu konur sem sátu á þingi til 1983
- Aldrei virðist hafa verið amast við orðinu *alþingiskona*
 - og ekki heldur *þingkona* sem kom fyrst fram 1907
- En 1983 fékk Kvennalistinn þrjár konur kjörnar á þing
 - sem vildu kalla sig *þingkonur* en ekki *þingmenn*
- Þá var orðið *þingkona* sagt „spilla íslenskri tungu“
 - kallað „orðskrípi“, „latmæli“, „málspjöll“, „ónefni“ o.fl.
- Þetta snerist augljóslega aldrei um orð, heldur vald

Orðafar um viðkvæma hópa



- Það eru mannréttindi fólks að um það séu notuð rétt orð
 - orð sem viðkomandi fólk eða hópar er sátt við
 - einkum minnihlutahópar og fólk sem á undir högg að sækja
- Sum orð sem áður þóttu eðlileg hafa verið gerð útlæg
 - af því að þau þykja sýna fordóma í garð þeirra sem þau vísa til
 - orð eins og *fáviti*, *vangefinn*, *kynvillingur*, *negri*, *múlatti* o.m.fl.
- Orð sem ekki fela í sér augljósa fordóma eru vandmeðfarin
 - þau eru (yfirleitt) ekki notuð í því skyni að láta andúð í ljósi
 - en fólk úr þeim hópum sem vísað er til upplifir þau samt sem smættandi eða niðurlægjandi á einhvern hátt
 - þessi upplifun er þá oft dregin í efa og sögð misskilningur

Fólk í fyrirrúmi, ekki sjúkdómar



- Orðið *fíkill*, leitt af *fíkjastr*, *fíkn*, var búið til um 1980
 - í stað orða eins og *dópesti* og *eiturfjaskjúklingur*
- Málfræðilega rétt myndað og merkingarlega gagnsætt
 - en með því er fólk skilgreint út frá sjúkdómi sínum
- Óheppilegt að nota lýsingarorð ein til að skilgreina fólk
 - tölum um *fatlað fólk*, *hreyfihamlað fólk*, *blint fólk*, *fólk með sjónskerðingu*, *fólk með heyrnarskerðingu*, *fólk með einhverfu*, *fólk með þroskahömlun*, *fólk með geðraskanir*, *fólk með fíkn*
- Stundum leiðir þetta til stirðari íslensku
 - og getur valdið því að gamalgrónum orðum sé úthýst
 - eins og t.d. lýsingarorðinu *vanskapaður*

Vont orð: *vanskapaður*



- *vanskapaður*
 - 'ekki rétt skapaður, með skakkt eða óeðlilegt sköpulag'
- *van-*
 - 'fyrrí liður samsetninga sem táknar vöntun eða neitun'
- 'ekki nóg, ófullnægjandi'; 'mis-, rang-, illa':
 - *vanhirða, vanhæfur, vanefndir, vanræksla, vannærður,*
 - *vansköpun, vanvirða, vansæmandi, vanhelga, vanprýða*
- Orðið *hommi* var áður mjög neikvætt
 - en hinsegin fólki tókst að breyta stöðu þess
 - væri ekki hægt að fara eins með *vanskapaður*?

Bölvæð gagnsæið



- En lykillinginn æð breytingu á *hommier* æð það er tökuorð
 - sem á sér enga ættingja í málinu sem við tengjum við
 - og er því ekki með nein lík í lestinni – er frjálst og óháð
- Engin leið væri æð fara eins með t.d. *kynvillingur*
 - við myndum alltaf tengja það við *villa, villtur, villingur* o.fl.
- Sama gildir um *vanskapaður*– tengslin trufla
 - hið margrómaða gagnsæi málsins er hér til bölvunar
- Tökuorðið *döff* er notað í samfélagi heyrnarlauss fólks
 - orðin *heyrnarlaus, heyrnleysingifela* í sér vöntun eða galla
 - en *döff* er laust við slíkar tengingar – er frjálst og óháð

Erum við stundum ofurviðkvæm?



- Orðið *forréttindablinda* er ekki gamalt:
 - 'það þegar fólk áttar sig ekki á því að það nýtur efnahagslegra eða félagslegra forréttinda af einhverju tagi'
- Fleiri hliðstæðar samsetningar eru til, misgamlar:
 - *kynjablinda*, *flokksblinda*, *siðblinda*
- Liðurinn *-blinda* vísar hér til skilningsleysis eða fáfræði
 - getur sú notkun verið særandi fyrir blint og sjónskert fólk?
 - eða er það ofurviðkvæmni og dæmigert „woke“?
- Um það eru sjálfsagt skiptar skoðanir
 - en völ er á öðru orði: *forréttindaglepja* (sbr. *glepja sýn*)

Mál og kyn – karllægni íslensku



- Karllægni íslensku hefur einkum þrjár birtingarmyndir:
 - karlkyn fn., lo. og to. er notað sem „hlutlaust“ kyn
 - *allir eru velkomnir, fjórir eru slasaðir, enginn er ómissandi*
 - flest starfsheiti, hlutverksheiti og þjóðaheiti eru karlkyns
 - *formaður, vísindamaður, forstjóri, þjónn, kennari, heimspekingur, tölvunarfræðingur, Dani*
 - orðið *maður*. hefur almenna vísun og er andstæða við *kona*
 - *maðurinn er spendýr, menn hafa áhyggjur af þessu menn og konur, ég hitti mann í gær*
- Þetta hefur ýmis ómeðvituð áhrif á hugmyndaheim okkar
 - við segjum fremur *danska konan Pernille* en *Daninn Pernille*
 - *ökumaðurinn var kona* er sagt fremur en *ökumaðurinn var karl*
 - konur segja *ég er mikil x-manneskja kona*, ekki *mikill x-maður*
- Staðalmyndir ýmissa hlutverka í huga okkar eru karlmenn

Kynsegin íslenska



- Það eru grundvallarmannréttindi að eiga orð
 - til að tala um okkur sjálf og ástvini okkar á móðurmálinu
- Það er sárt ef móðurmálið gerir ekki ráð fyrir okkur
 - hefur ekki orð sem okkur finnst skilgreina okkur
- Kynsegin fólk á Íslandi bjó ekki við þessi mannréttindi
 - fyrr en Samtökin '78 efndu til nýyrðasamkeppni 2015
- Nú höfum við fengið nokkur ágæt orð
 - *kvár, stálp, bur, hán* og fleiri – en ýmis vantar enn
- Þessi orð hafa komist í nokkra notkun og í orðabækur
 - en þó er grunnt á hæðni og fyrirlitningu í garð þeirra

Hvernig samfélag viljum við?



- Við viljum samfélag þar sem
 - mismunun eftir máli og málnotkun er bönnuð í stjórnarskrá
 - umburðarlyndi ríkir gagnvart tilbrigðum í máli
 - niðurlægjandi orðfæri er ekki notað um málfar fólks
 - eðlilegt mál fólks sem það elst upp við er ekki sjúkdómsvætt
 - orð sem fólk hefur sjálft hafnað eru ekki notuð um það
 - fordómafull orð um fólk eru gerð útlæg úr málinu
 - fólk í viðkvæmri stöðu nýtur vafans í orðfæri og málnotkun
 - karllægni tungumálsins býr ekki til staðalmyndir um kynin
 - tungumálið gerir fólki kleift að tala um sig og ástvini sína
 - íslenskan er aldrei notuð til að meiða fólk

Takk fyrir áheyrnina!

eirikur@hi.is

eirikur.rognvaldsson@gmail.com

[https:// uni.hi.is/ eirikur/ ritaskra/ malfarspistlar](https://uni.hi.is/eirikur/ritaskra/malfarspistlar)

[https:// www.facebook.com/ groups/ malspjall/](https://www.facebook.com/groups/malspjall/)

[https:// eirikurr.substack.com/](https://eirikurr.substack.com/)